

Leiðarvísir að betri samgöngusamningi



Af hverju samgöngusamningur?

Ef horft er til venjulegrar skrifstofustarfsemi eru ferðir starfsmanna til og frá vinnu oftast langstærsti losunarvaldurinn sem tengist starfseminni. Almennt er einnig hægt að fullyrða að vegasamgöngur séu megin uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda frá þeirri orku sem notuð er á Íslandi.¹ Mikil umferð orsakar einnig svifryksmengun, sem getur farið yfir heilsuverndarmörk og þá sérstaklega við umferðapungar götur.² Þegar umferð er mikil aukast einnig líkurnar á umferðarteppum sem lengir tíma starfsmanna til og frá vinnu, en rannsóknir sýna almennt að óánægja fólks eykst með lengd ferðalagsins til og frá vinnu. Þeir sem hinsvegar ganga eða hjóla til vinnu³ eru að jafnaði ánægðari, heilbrigðari og afkastameiri en þeir sem nota aðra ferðamáta.⁴

1. <https://ust.is/loft/losun-grodurhusalofttegunda/losun-islands/>
2. <https://ust.is/loft/loftgaedi/svifryk/>
3. <https://doi.org/10.1080/01441647.2019.1649317>
4. <https://doi.org/10.1016/j.jtrangeo.2019.03.008>

Hnipptu samgöngusamninginn til

Samgöngusamningurinn er eitt besta tækið sem vinnuveitendur hafa til að hvetja starfsmenn til vistv ænna samgangna. Rannsóknir sýna að skuldbindingar auka líkurnar á því að fólk breyti hegðun sinni, bæði til skamms og langs tíma.⁵ En hvernig samningurinn er gerður getur haft áhrif á hversu vel hann virkar. Hér er mikilvægt að hafa í huga að samgöngusamningur er ekki það sama og samgöngustyrkur. Um samgöngustyrki gilda reglur Skattsins (sjá bls. 5). Samgöngusamningurinn er samkomulag milli starfsmanns og vinnuveitanda um samgöngur sem hægt er að laga að aðstæðum. Hægt er að gera samning bæði um samgöngur til og frá vinnu og samgöngur í vinnunni. Fyrir þá sem vilja að hann hafi meiri og víðtækari áhrif mælum við með að horft sé til AUSTurs. Með því er átt við að atvinnuveitendur stuðli að því að vistvænar samgöngur verði auðveldari, unaðslegri, samfélagslegri og tímanlegri.⁶ Þessi aðferðafræði tekur mið af niðurstöðum rannsókna úr atferlisfræðum.

5. <https://doi.org/10.1177%2F0013916511411477>
6. <https://www.bi.team/publications/east-four-simple-ways-to-apply-behavioural-insights/>

Starfsfólk er hvatt til að nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta.

Til að mæta mismunandi aðstæðum er samningurinn í skrefum. Hægt er að byrja á skrefi 1 eða strax á skrefi 2. Þeir sem byrja á skrefi 1 skuldbinda sig til að fara yfir í skref 2 innan 2 ára. Skref 1 fellur úr gildi ef starfsmenn halda ekki áfram í skref 2 innan 2 ára.

Samningar eru endurskoðaðir árlega.

Skref 1 – Starfsmaður velur ferðamáta:

- Fjarvinna tvisvar í viku
- Samakstur þrisvar í viku
- Rafbíll þrisvar í viku
- Vistvænar samgöngur einu sinni í viku
- Blanda af atriðum að ofan þrisvar í viku

Fyrir skref 1 er starfsmönnum boðið að taka þátt í happdrætti þar sem þeir geta unnið út að borða og miða í leikhús fyrir tvo.

Skref 2 – Starfsmaður velur ferðamáta:

- Að ferðast með strætó a.m.k. fjórum sinnum í viku
- Að hjóla eða að ganga a.m.k. fjórum sinnum í viku
- Að hjóla, ganga eða ferðast með strætó a.m.k. fjórum sinnum í viku
- Að hjóla eða ganga að sumri til a.m.k. fjórum sinnum í viku (maí – sept)

Fyrir skref 2 fá starfsmenn mánaðarlegan samgöngustyrk að upphæð 8.500 krónur. Fyrir starfsmenn sem nota að jafnaði almenningssamgöngur greiðir stofnunin fyrir árskort í Strætó. Stofnunin greiðir jafnframt leigubílakostnað í neyðartilvikum, t.d. við veikindi barna.

Samkomulagið er háð þeim skilyrðum sem koma fram hér að framan.

Samningur þessi gildir frá _____ – _____ og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara.

F.h. Stofnunar

F.h. Starfsmanns



Bættu fjarvinnu inn í samgöngusamninginn.

Fyrir suma er auðveldasta leiðin til að draga úr neikvæðum áhrifum af samgöngum að fara hreinlega ekki neitt. Covid-19 faraldurinn kenndi okkur að í mörgum tilvikum er fjarvinna góður kostur, allavega nokkra daga í viku.

Bættu samakstri inn í samgöngusamninginn

Þó að olíudrifinn bíll geti aldrei talist vistvænn er það engu að síður betra að fleiri samnýti bílinn en að það sitji einn í hverjum bíl á leiðinni til vinnu. Það er því mikilvægt að auðvelda starfsfólki samakstur til vinnu.

Hægt er að styðja við skipulagningu fólks með því að bjóða til dæmis upp á sameiginlegt skráningarskjal fyrir samakstur, sem skipt er niður eftir hverfum. Einnig getur það hvatt fleiri til samaksturs að bæta því inn í samgöngusamninginn.

Bjóddu upp á sumarsamning

Það getur verið auðveldara að hjóla og ganga yfir sumartímann en á veturna. Mörgum þykir auðveldara að skuldbinda sig til að hjóla og ganga yfir sumartímann svo æskilegt er að slíkt standi til boða.

Reglur Skattsins um samgöngustyrki

Samgöngustyrkir eru skattfrjálsir ef ferðast er með vistvænum hætti. Þeir sem ganga, hjóla, hjóla á rafhjóli, nýta vélknúið hlaupahjól eða almenningssamgöngur falla hér undir. Vélknúin ökutæki, annað en reiðhjól, teljast ekki til vistvænna samgangna samkvæmt Skattinum.

Í upphafi 2021 voru hámarksgreiðslur 8.500 krónur á mánuði.

Til að samgöngustyrkir séu skattfrjálsir þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Undirrita þarf formlegan samning milli launagreiðenda og launamanns um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum ferðamáta.
2. Samningurinn þarf að gilda um ferðir til og frá vinnu og/eða ferðir í þágu launagreiðenda.
3. Nýta þarf ferðamátann sem nemur a.m.k. 80% af heildarfjölda ferða. Til dæmis 4 sinnum í viku af 5.
4. Ef vistvænar ferðir nema a.m.k. 40% af hlutfalli ferða er heimilt að greiða helming hámarksupphæðar (4.250 kr á mánuði).

Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt þarf að borga skatt af samgöngustyrk. Vinnuveitendum er frjálst að gera slíka samninga. Viðmiðin eru uppfærð reglulega og mælt er með að fylgjast með breytingum á viðmiðum á [rsk.is](https://www.rsk.is)

Unaðslegri



Verðlaunaðu fólk fyrir að velja vistvænni samgöngur

Það er algengt að samgöngusamningnum fylgi skattfrjáls styrkur. Atferlisfræðin kennir okkur að almennt séð verða áhrifin meiri því stærri sem verðlaunin eru.

Þessu eru þó settar ákveðnar skorður, þar sem styrkurinn er aðeins frátalinn skatti upp að ákveðnu hámarki.⁷ Auk þess er aðeins hægt að styrkja nýtingu á almenningssamgöngum, hjóltreiddum, rafskútum eða ef gengið er til vinnu (sjá bls. 5).

Atvinnuveitendum er þó engu að síður frjálst að styrkja samgöngur umfram hámarkið, en borga þá af því tilskilinn skatt. Sömuleiðis er mögulegt að bæta við styrkjum eða öðrum fríðindum fyrir fjarvinnu og samakstur, þrátt fyrir að slíkt falli ekki undir skattfrjálsa styrki.

7. <https://www.rsk.is/einstaklingar/tekjur-og-fradrattur/styrkir/>

8. <https://dx.doi.org/10.1152%2Fphysrev.00023.2014>

Notaðu fjölbreyttari verðlaun

Þó að fjárhagslegir hvatar geti skipt fólki máli er mikilvægt að gleyma ekki öðrum hvötum.⁸ Hægt er að bjóða upp á ýmis fríðindi svo sem mat, drykk, upplifanir, og hreyfingu fyrir þá sem gera samgöngusamning.

Samgöngusamningshappdrætti gæti gefið góða raun, þar sem fólk er líklegra til að einblína á stóra vinninginn en líkurnar á því að vinna.⁹

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að við erum félagsverur svo innileg hrós, viðurkenning og viðburðir fyrir starfsmenn geta hvatt vistvæna hegðun áfram.

Það getur verið sérstaklega mikilvægt að nota annað en styrki ef starfsemin hefur litla möguleika á því að styrkja vistvænar samgöngur. Þegar peningaleg verðlaun eru of lítil til að skipta máli getur verið áhrifaríkara að nota aðra hvata.

9. <https://www.bi.team/blogs/using-prize-draws-as-an-incentive/>



Samfélagslegri



Leyfðu starfsfólkinu að taka þátt

Virkjaðu kraftinn í starfsfólkinu þínu og láttu það taka þátt í því að móta samgöngusamninginn. Þannig getur þú bæði fengið góðar hugmyndir, náð betri sátt um samninginn meðal starfsmanna og fengið fleiri starfsmenn til að gera samgöngusamning.¹⁰

Segðu frá því hvað aðrir starfsmenn eru að gera

Oft gerir fólk það sama og aðrir gera. Þetta er hægt að nýta sér til þess að fá fleiri til þess að gera samgöngusamning. Til dæmis ef meirihluti starfsmanna er með samgöngusamning þá getur það hvatt enn fleiri til þess að taka þátt að segja þeim frá því.¹¹

Því miður getur þetta líka virkað í hina áttina, ef mjög fáir eru með samgöngusamning þá geta upplýsingar um það verið letjandi. Í þeim tilvikum getur verið mikilvægt að fylgjast með því hvort að það sé samt sem áður stækkandi minnihluti sem er að nýta sér vistvænar samgöngur. Ef svo er geta slíkar upplýsingar hvatt áfram vistvæna hegðun.¹²

10. <https://doi.org/10.1111/j.1468-2370-2011.00328.x>

11. <https://doi.org/10.1111/1467-8721.01242>

12. <https://doi.org/10.1177/1948550617734615>

Segðu öllum frá

Það getur líka verið hvetjandi að segja opinberlega frá því hversu margir eru að nýta sér samgöngusamning hjá stofnuninni.¹³ Með því að setja sér opinbert markmið um hlutfall starfsmanna sem eru með samgöngusamning aukast líkurnar á því að markmiðið verði sett á oddinn. Regluleg endurgjöf í formi mælinga á hlutfalli starfsmanna sem er með samgöngusamning hjálpar stjórnendum að hafa yfirsýn um það hvernig gengur að ná markmiðinu.

13. <https://doi.org/10.1177/1948550617734615>



Tímanlegri



Bjóddu upp á samgöngusamning í skrefum

Í stað þess að krefjast þess að fólk geri stórar breytingar er oft gott að hvetja það til þess að verða vistvænni í nokkrum skrefum.¹⁴

Þetta er þá gert með því að bjóða upp á fleiri gerðir samgöngusamninga sem eru þá líklegri til þess að mæta fólki þar sem það er. Fríðindi samgöngusamningsins geta svo tekið mið af því hversu umhverfisvænar samgöngurnar eru. Í fyrsta skrefi væri til dæmis hægt að bjóða þeim sem aka saman eða nýta sér vistvænar samgöngur einu sinni í viku að taka þátt í samgöngu happdrætti. Í öðru skrefi væri svo boðið upp á styrk fyrir að nýta vistvænar samgöngur flesta daga vikunnar.

Hægt er að ná enn betri árangri með slíku fyrirkomulagi með því að láta starfsfólk skuldbinda sig fyrirfram til að færa sig upp um skref.¹⁵ Fríðindi gætu svo fallið niður ef ekki væri haldið áfram í vegferðinni sem starfsmaður var búinn að skuldbinda sig við.

14. <https://doi.org/10.1016/j.obhdp.2017.05.001>

15. <https://doi.org/10.1086/380085>

Bjóddu upp á árskort í strætó

Það eykur líkurnar á því að fólk nýti sér almenningssamgöngur ef það er með árskort.¹⁶ Samgöngukort Strætó eru 12 mánaða kort sem stofnunum og fyrirtækjum býðst að kaupa á verði 9 mánaða. Hægt er að bjóða upp á Strætókort sem hluta af þeim fríðindum sem felst í því að gera samgöngusamning. Í þeim tilvikum þar sem ekki er fyrir hendi fjármagn fyrir slíkum samningum getur það engu að síður verið hvetjandi ef atvinnuveitendur bjóða upp á vaxtalaus lán fyrir árskortinu. Þetta væri þá framkvæmt á þann hátt að atvinnuveitandinn kaupir strætókortið, og dregur svo kostnaðinn af launum á 12 mánaða tímabili. Þetta auðveldar ekki aðeins starfsmönnum kaupin heldur hvetur starfsmenn til þess að nota Strætó.

Veldu rétta tímasetningu

Að velja rétta tímasetningu getur verið mikilvægur liður í því að kippa fólki upp úr vanaföstum hefðum. Það getur til dæmis verið auðveldara að breyta hegðun nýrra starfsmanna en starfsmanna sem hafa skapað sér fastan vana um hvernig þeir ferðast til vinnu.¹⁷ Þess vegna er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á samgöngusamninginn í öllum nýliðakynningum. Einnig er hægt að hafa þann vana að minna á samgöngusamninginn þegar fólk er að flytja, þegar starfsemin breytir um starfsstöð eða rétt fyrir sumarið þegar fleiri hafa hug á því að hjóla og ganga til vinnu.

Hjálpaðu fólki að skipuleggja sig

Það eru meiri líkur á því að ásetningur okkar breytist í hegðun ef við höfum gefið okkur tíma til að skipuleggja okkur.¹⁸ Skipulagið verður betra ef það tilgreinir hvaða skref þarf að taka, hvaða aðgerðir fylgja hverju skrefi fyrir sig, og hvernig hægt sé að komast yfir hindranir. Hægt er að styðja við skipulagningu starfsfólks með því að bjóða upp á skipulags skapalón og fund eða viðburð þar sem fólk fer í gegnum skrefin.

16. <https://www.bi.team/publications/the-little-book-of-green-nudges/>

17. <https://doi.org/10.1086/380085>

18. <https://www.bi.team/publications/the-little-book-of-green-nudges/>